

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 22. október 2019:

Á síðasta fundi skóla- og frístundaráðs 8. október sl. lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks fram tillögu um úrbætur á skólaakstri í Grafarvogi. Tillögunni var frestað og veður furðu að hún hafi ekki ratað inn í dagskrá fundarins í dag. Það er til marks um að meirihlutinn telur málið ekki brýnna en svo að tillagan er enn í frestun. Frá því að tillagan var lögð fram hafa borist upplýsingar um að enn sé skólaaksturinn í ólagi og ferðir fallið niður. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins ítreka að bregðast þarf strax við og koma skólaakstrinum í lag. Jafnframt er óskað eftir því að tillagan verði tekin til afgreiðslu á næsta fundi ráðsins.